

Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
125 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. mars 2016  
Tilvísun: 2015120007/03.7  
Verknúmer: 4067000

## **Efni: Athugasemdir Orkustofnunar vegna frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins í markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði**

Orkustofnun hefur borist erindi frá Samkeppniseftirlitinu dags. 4. des. 2015 þar sem óskað er eftir athugasemdum stofnunarinnar við s.k. frummatsskýrslu í markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði.

Athugasemdir Orkustofnunar vegna skýrslunnar eru eftirfarandi.

Í kafla 8.6 um Eldsneytishóp orkuspárnefndar kemur fram að í hópnum eigi sæti fulltrúar Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Atlantsolíu, N1 og Skeljungs. Þetta er ekki rétt. Í eldsneytishóp Orkuspárnefndar áttu þessir aðilar sæti, að minnsta kosti að nafninu til, þegar eldsneytisspá 2008 var unnin. Fulltrúar Skeljungs og Atlantsolíu mættu í örfá skipti rétt í upphafi, en hættu svo öllum afskiptum af eldsneytishópnum. Í dag eiga sæti í eldsneytishóp orkuspárnefndar fulltrúar Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar, Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka iðnaðarins. Ritari hópsins er frá verkfræðistofunni Eflu.

Í kafla 8.5 um Löggjöf um endurnýjanlegt eldsneyti er vísað til laga 40/2013 með eftirfarandi orðum: "Með þeim lögum hefur verið kveðið á um íblöndun fljótandi eldsneytis með eldsneyti af endurnýjanlegum uppruna." Orkustofnun telur tilefni til þess að benda á, að í þessum lögum er einmitt ekki kveðið á um íblöndun. Söluaðilum eldsneytis, olíufélagunum, er í sjálfsvald sett hvernig þau ná þeim markmiðum sem löggin setja þeim. Þannig getur eitt olíufélagið kosið að ná sínu markmiði með íblöndun, á meðan annað olíufélag kys að ná sínu markmiði með sölu metans eða hreinni lífdísilolíu.

Orkustofnun tekur undir með Samkeppniseftirlitinu að það sé mikilvægt að gert sé samkeppnismat við innleiðingu laga sem hafa stór áhrif á eldsneytismarkaðinn. Eflaust geta lög sem þessi haft áhrif á markaðsaðstæður einstakra fyrirtækja, en það er hæpið að draga ályktanir af fyrirliggjandi gögnum varðandi skekkt samkeppnisumhverfi sem beina afleiðingu laganna, enda skortir slíka greiningu, sbr. það sem fram kemur í skýrslunni.

Virðingarfyllst  
f. h. orkumálastjóra

Ágústa S Loftsdóttir

